

1267. Stjórnarfundur VR

Haldinn þriðjudaginn 27. ágúst 2024, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 9. hæð og í fjarfundi.

Mætt á staðfund: Ragnar Þór Ingólfsson, Halla Gunnarsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Tómas Gabríel Benjamín, Selma Björk Grétarsdóttir varamaður, Þorvarður Bergmann Kjartansson varamaður og Steinunn Böðvarsdóttir forstöðumaður sem ritaði fundargerð.

Mætt á fjarfund: Diljá Ámundadóttir Zoega, Harpa Sævarsdóttir, Jennifer Schröder, Þórir Hilmarsson og Arnþór Sigurðsson varamaður.

Fjarverandi: Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir og Vala Ólöf Kristinsdóttir.

Næsti fundur: 11. september 2024.

Boðað var til fundarins til að ræða stöðu efnahagsmála og möguleg viðbrögð við þeirri þróun sem átt hefur sér stað. Til fundarins voru boðaðir bæði aðal- og varamenn í stjórn.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, setti fundinn og bauð fundarfólk velkomið.

Ragnar fór yfir stöðu mála. Hann og varaformaður VR, Halla Gunnarsdóttir, hafi talið fulla ástæðu til að kalla stjórn saman til að ræða efnahagsþróunina og getuleysi stjórnvalda til að bregðast við á meðan staðan versnar dag frá degi. Óþreyja og reiði í samfélaginu vegna stöðunnar aukist sífellt og ákveðið vonleysi sé að taka yfir. Nú verði að taka af skarið og því hafi verið ákveðið að boða stjórnar til fundar til að ræða næstu skref og nálgun.

Halla fór yfir aðdraganda og gerð kjarasamninga í vor, þar sem við, tilneydd, fylgðum forskrift og hugmyndafræði Seðlabankans og samþykktum hóflegar launahækkanir í þeirri von að koma böndum á verðbólguna. Ljóst sé hins vegar að ekkert samband er þarna á milli. Seðlabankastjóri segir að kreista þurfi launafólk betur, forsætisráðherra segir að þau sem spennt hafi bogann of hátt séu komin í vandræði – tekjublöðin sýni hins vegar hvar tekjurnar er að finna í þjóðfélaginu. Launafólk er ekki í vandræðum því boginn er of hátt spenntur heldur vegna þess að húsnæðiskostnaður og verðlag hafa hækkað svo mikið. Ríkisstjórnin virðist ætla að tala bara um útlendinga, hælisleitendur og vindmyllur á meðan ólgan eykst. Launafólk á ekki að bera þessar byrðar eitt, fyrir hönd félagsfólk verður VR að stíga inn í málið ásamt ASÍ og fleiri stéttarfélagum.



Ragnar benti á að stór hluti fólks stendur frammi fyrir því að vextir húsnæðislána munu hækka mikið á næstuni, innheimtufyrirtækin eru farin að hafa áhyggjur af vanskilum einstaklinga þó að vanskil séu ekki farin að koma fram hjá bönkunum. Viðbrögð forsætisráðherra, um að fólk hafi spennt bogann of hátt, séu þekkt viðbrögð, sagði Ragnar og minnti á umræðuna um flatskjái í hrunin.

Veik forsenduákvæði í síðustu samningum gera stöðuna fyrir verkalýðshreyfinguna erfiða sagði Ragnar og benti á það sé að raungerast sem hann varaði við í aðdraganda samninga. Allt stefni í að staðan versni bara. Leita þurfi nú allra leiða til að þrýsta á um raunverulegar breytingar. Hann óski eftir umboðið stjórnar til formanns og varaformanns að skoða hvaða leiðir séu í boði.

Umræður

Í umræðum kom fram ríkur vilji fyrir því að VR, í samstarfi, við aðra innan verkalýðshreyfingarinnar, stígi sterkt til jarðar og efni til aðgerða til að þrýsta á um viðbrögð. Mikilvæg sé að tryggja góða upplýsingagjöf, að fólk viti af hverju verkalýðshreyfingin sé að grípa til mótmæla og/eða annarra aðgerða, hvað sé í húfi og hvað það er sem við viljum ná í gegn.

Í umræðum var rætt um þær breytingar sem hafa orðið og eru að verða í samfélaginu, t.d. aukin gjaldtaka víða og skerðing á þjónustu sveitarfélaga við barnafjölskyldur. Ragnar sagði að skrifstofa VR myndi skoða hvernig því síðarnefnda er háttað.

Arnþór Sigurðsson fór af fundi kl. 18:50.

Diljá Ámundadóttir Zoega fór af fundi kl. 19:10.

Halla las upp drög að texta með röksemdafærslu fyrir mögulegar aðgerðir, um markmið þeirra og kröfur:

„Í heilt ár hafa stýrivextir staðið í 9,25%.

Í heilt ár hefur venjulegt fólk þurft að borga fyrir verðbólgu í gegnum húsnæðiskostnað og hækkandi vöruverð.

Í heilt ár hafa stjórnvöld neitað að axla ábyrgð á efnahagsástandinu og ekkert bólar á aðgerðum í húsnæðismálum sem valda mesta skaðanum.

Við rísum upp.

Við mótmælum hávaxtastefnu Seðlabankans og aðgerðaleyfi stjórnvalda.

Við höfnum því að venjulegt fólk eigi að greiða fyrir efnahagsstjórn úr eigin vasa á meðan sífellt meira rennur til þeirra ríkustu.

Við krefjumst aðgerða í húsnæðismálum sem miða að því að auka framboð og tryggja að húsnæði sé fyrir fólk, ekki fjármagn eða ferðaþjónustu.

Við sættum okkur ekki við niðurskurð á velferðar- og heilbrigðisþjónustu eða aukna gjaldtöku.

Við höfnum efnahagspólítík þar sem fjármagn rennur óhindrað til ríkustu 10% á meðan lágtekjufólk og millitekjufólk, öryrkjar og eldri borgarar, búa við sífellt meira fjárhagsóöryggi.

Við neitum að gefa landið til auðmanna, hvort sem þeir eru íslenskir eða erlendir.

Við viljum búa í sterku velferðarþjóðfélagi þar sem fátækt er hugtak sem finnst aðallega í sögubókum.

Við viljum góð laun fyrir góð störf og að framfærsla fólks sé tryggð þegar eitthvað bjátar á.

Við viljum samfélag fyrir fólk, ekki fjármagn.“

Ragnar Þór lagði fyrir stjórn tillögu um að stjórn veiti formanni og varaformanni umboð til að skoða hvaða möguleikar eru í stöðunni og næstu skref og ræða við önnur stéttarfélög.

Samþykkt

Ragnar Þór lagði fyrir stjórn að hún veiti heimild fyrir allt að 1 m.kr. fjárveitingu vegna kostnaðar við verkefni sem kunna að verða til vegna þessa.

Samþykkt

Þá lagði Ragnar til að þróunarsvið VR skoði hvort félagið eigi efni sem tali inn í ástandið.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:45.